

# Stofnanasamningur milli Einingar - Iðju og Mötuneytis Menntaskólans á Akureyri um forsendur röðunar starfa við í eldhúsi og þvottahúsi.

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar og SGS hins vegar, dags. 06. mars 2020.

## 1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna í eldhúsi og þvottahúsi Menntaskólans á Akureyri sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar, dags. 6. mars 2020.

## 2 Forsendur röðunar

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaramma og launaflokka er á grundvelli:

1. Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, og um þætti er ráða grunnröðun starfa um persónubundna þætti.
2. Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Menntaskólans á Akureyri er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum stofnunarinnar. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

## 3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

### Grunnröðun

Starfsmaður í eldhúsi og þvottahúsi..... lfl. 7  
Flokkstjóri í þvottahúsi.....lfl. 8  
Matartæknir..... lfl. 11

Við nánari ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. gr. 2 hér að framan um forsendur röðunar.

Vegna breytinga á starfsemi í eldhúsi og þvottahúsi Menntaskólans á Akureyri geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari og þarf þá að raða sérstaklega.

5/8

G.E.S. AS

PS  
RHR

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

#### 4 Mat á þáttum er varða starfsmann

*Persónubundnir þættir sem nýtast í starfi og má taka tillit til í álagsþrepum s.s.*

Sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi, þar með talin sérstök fagreynsla sem gerir starfsmann verðmætari í starfi.

Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði eða góður árangur í starfi.

Tímabundin aukin ábyrgð.

Sérstakt álag og erfiðleikastig.

Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit.

Frammistaða umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrir fram skilgreindum mælanlegum viðmiðun.

*Tímabundnir þættir sem nýtast í starfi má taka tillit til í álagsþrepum s.s.*

Frammistöðu umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrir fram skilgreindum mælanlegum viðmiðum.

Tímabundin aukin ábyrgð.

Innleiðing verkefna.

Þróun og nýsköpun.

Sérstak álag og erfiðleikastig.

Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit.

Öflun nýrra verkefna og hugmynda.

#### **Vægi einstakra þátta:**

*Sti- og endurmenntun umfram grunnkröfur starfs:*

Eftir 40 kl.st. námskeið komi 1 lfl.

Eftir 80 kl.st. námskeið komi 1 lfl.

Eftir 100 kl.st. námskeið komi 1 lfl.

Eftir 170 kl.st. námskeið komi 1 lfl.

*Menntun sem nýtist í starfi umfram grunnkröfur starfs:*

Menntun starfsmanns sem ekki er tekið tillit til í grunnröðun starfs skal meta sem hér segir:

Stúdentspróf, sveinspróf, sérstakt fagnám, eða annað sambærilegt nám á framhaldsskólastigi skal hækka um tvo launaflokka.

*Starfsreynsla:*

Eftir eitt ár í starfi komi 1 þrep

Eftir 3 ár í starfi komi 1 þrep

Eftir 5 ár í starfi komi 1 þrep

Eftir 8 ár í starfi komi 1 þrep

Eftir 10 ár í starfi komi 1 þrep

Eftir 15 ár í starfi komi 1 þrep

Tekið skal tillit til starfsreynslu frá sambærilegum stofnunum.

AS

G.E.S. AS

BS

## 5 Flokkstjórar í eldhúsi

Þeir sem ráðnir eru sem flokkstjórar í eldhúsi geta raðast allt að þremur launaflokkum ofar en gunnröðun viðkomandi segir til um.

## 6 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. gr. 11.6.1 í kjarasamningi aðila.

## 7 Starfsmannasamtöl

Árlega skulu fara fram starfsmannasamtal. Það er m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsingu, skipulag, stjórnun, starfsþróun, framgang í starfi, starfsfræðslu, endurmenntun og frammistöðu starfsmanns. Starfsmannasamtal er ekki vettvangur umræðu um laun. Við mat á frammistöðu starfsmanns er gert ráð fyrir að farið verði eftir fyrirfram ákveðnu kerfi, m.a. er gert ráð fyrir upprifjun frá síðasta starfsmannasamtali, hafi það farið fram.

## 8 Launaviðtöl

Starfsmaður getur hvenær sem er óskað eftir sérstöku launaviðtali, þó aðeins einu sinni á ári. Það viðtal skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að ósk hefur komið fram eða eftir nánara samkomulagi. Starfsmanni skal gefið svar stofnunarinnar eigi síðar en fimm vikum eftir að launaviðtal fór fram.

## 9 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

## 10 12 mánaða ráðning (launadreifing)

Starfsmenn skulu ráðnir í ársráðningu, þótt vinnutíminn sé ekki allt árið heldur dreifast launin á 12 mánuði þ.e. starfsmenn vinna af sér hluta sumarsins á veturna.

## 11 Gildistími

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2021.


Akureyri 15. janúar 2021

f.h. Mötuneytis Menntaskólans á Akureyri

Ragnar Hólm Ragnarsson



f.h. Einingar - Iðju

  
Guðrún Elva Stef.  
Arnór Steinarsson